ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR **2021/EES/21/02**
nr. 209/2018

frá 26. október 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/932 frá 29. júní 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 582/2011 að því er varðar ákvæði um prófanir með færanlegum mælikerfum fyrir losun (PEMS) og kröfur um gerðarviðurkenningu fyrir almennt eldsneyti ([1]).

2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 45zzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 582/2011) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 0932**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/932 frá 29. júní 2018 (Stjtíð. ESB L 165, 2.7.2018, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/932, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. október 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ([*]).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 2.7.2018, bls. 32.
([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.